

Samningur

um kennslu og rannsóknir

Háskólans á Akureyri 2012 - 2016

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Háskólinn á Akureyri, kt. 520687 1229, í samningi þessum nefndur háskóli, gera með sér svofelldan samning um fjárframlög til kennslu og rannsókna á grundvelli heimildar í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla með síðari breytingum.

Samningurinn hefur ekki áhrif á skyldur eða heimildir aðila samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldfyrirmælum.


1. Lagaheimildir og forsendur samningsins

- 1.1. Háskólinn starfi í samræmi við lög nr. 63/2006 um háskóla, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli laga.
- 1.2. Háskólinn hafi viðurkenningu skv. 3. gr. laga um háskóla.
- 1.3. Háskólinn starfi í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi hans.
- 1.4. Aðilar þessa samnings gera með sér samkomulag í viðauka samnings þessa til að útfæra nánar áherslur og sameiginleg markmið skv. c- lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla. Telst samkomulagið vera hluti af samningi þessum og er miðað við að það sé endurskoðað árlega.

2. Þjónusta, verkefni

Háskólinn veiti nemendum og kennurum nauðsynlega þjónustu og aðbúnað sem almennt tíðkast vegna rannsókna, náms og kennslu. Háskólinn á Akureyri hefur viðurkenningu á þremur fræðasviðum þ.e. auðlindavísindum, félagsvísindum og heilbrigðisvísindum. Skrá yfir prófgráður háskólans er í viðauka við samning þennan

- 2.1. Háskólinn vinnur að vísindarannsóknum, þróunarstörfum, öflun og miðlun þekkingar á framangreindum fræðasviðum með áherslu á nýsköpun og öflug tengsl við atvinnulíf.
- 2.2. Samningurinn miðast við 1.500 – 2.000 skráða nemendur (einstaklinga).



3. Réttindi og skyldur nemenda

- 3.1. Háskólinn hafi á vefsíðu sinni greinargóðar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, þar á meðal leiðbeiningar um málskotsrétt þeirra, gjaldtökureglur, fyrirkomulag náms, kennsluskrá og próftökureglur.
- 3.2. Innritun nemenda er á ábyrgð háskólans sbr. VII. kafla laga um háskóla.
- 3.3. Háskólinn taki þátt í að samræma umsóknarferli með öðrum háskólum og ráðuneytinu.
- 3.4. Háskólinn haldi rafrænt nemendabókhald sem getur látið miðlægu kerfi í té upplýsingar um nemendur háskólans svo sem skráningu þeirra í námskeið og próftöku, eftir önnum.

4. Ábyrgð

- 4.1. Háskólinn ber ábyrgð á að þjónusta við nemendur sé fagleg og fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur um innra mat, skv. 12. gr. laga um háskóla, því til staðfestingar.

5. Framlög ríkisins og fjárhagsleg samskipti

- 5.1. Rekstrarframlög ríkisins til háskólans á grundvelli samning þessa eru ákveðin í fjárlögum hvers árs sbr. 43. gr. háskólalaga og 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.
- 5.2. Framlög til samningsins eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunna að ákveða breytingar á þeim við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.
- 5.3. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum vegna almennrar launa- og verðlagsþróunar fjárlaga.
- 5.4. Tillögur ráðuneytisins við undirbúning fjárlaga um árlegt rekstrarframlag til samningsins byggja á reglum sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um háskóla. Sömu viðmiðanir verða notaðar við tillögugerð vegna samnings þessa og vegna háskóla almennt, en að öðru leyti byggjast fjárlagatillögur meðal annars á eftirfarandi forsendum:
 - 5.4.1. Ársnemendafjöldi á grundvelli próftöku í mismunandi námi (verðflokkum). Miðað verður að hámarki við 1.560 ársnemendur en að lágmarki við 1.200 ársnemendur.

149 SM

- 5.4.2. Framlagi sem tekur mið af fjölda brautskráðra nemenda.
- 5.4.3. Framlagi til rannsókna og annarra verkefna.
- 5.4.4. Framlag til annarra verkefna sem ráðuneytið felur háskólanum, sbr. d, lið 21. gr. laga um háskóla.
- 5.5. Háskólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna undirbúnings fjárlagatillagna. Ráðuneytið kynnir háskólanum tillögur sínar og afgreiðslu á þeim.
- 5.6. Háskólinn fylgir reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga með því að skila ráðuneytinu ársáætlun (fjárhagsáætlun) til afgreiðslu samkvæmt 7. og 8. gr., miðla upplýsingum skv. 9. gr. og bregðast við frávikum skv. 14. og 15. gr. .
- 5.7. Að fjárlagaárinu liðnu skal gera rekstrarframlag upp formlega í samræmi við reglur um uppgjör fjárveitinga sem ráðuneytið setur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um háskóla.
 - 5.7.1. Háskólinn lætur ráðuneytinu í té upplýsingar um próftöku og annað sem uppgjör verður byggt á. Skal þetta gert svo fljótt sem verða má eftir lok fjárlagaársins og getur ráðuneytið ákveðið skiladaga.
 - 5.7.2. Leiði uppgjör í ljós að háskólanum hafi verið ofgreitt framlag endurgreiðir hann umframframlagið innan tveggja mánaða frá uppgjöri, en þó eigi síðar en í júní ár hvert og er miðað við að dreifa því á þrjá næstu mánuði, nema skólinn semji um annað við ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að draga ofgreitt framlag frá fjárveitingu á uppgjörsárinu. Háskólinn á ekki rétt á hærra framlagi en veitt er til hans í fjárlögum þótt raunfjöldi ársnemenda sé umfram forsendur fjárveitinga til hans, nema um það hafi verið gert sérstakt skriflegt samkomulag í tengslum við innritun nemenda.

6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

- 6.1. Fulltrúar ráðuneytisins og háskólans funda að lágmarki tvisvar á ári um samninginn.
- 6.2. Fyrir lok maí ár hvert skilar háskólinn ráðuneytinu ársskýrslu skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Í henni skal greint frá framkvæmd samnings þessa og lykiltölum um starfsemi háskóla skv. leiðbeiningum ráðuneytisins.
- 6.3. Háskólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.4. Háskólinn veitir Hagstofu Íslands sundurliðaðar upplýsingar úr nemendabókhaldi og öðrum skráum vegna hagtalna og skal veita Hagstofu Íslands

MJ *SPB*


og ráðuneytinu upplýsingar sem UNESCO, OECD, EUROSTAT og aðrir sambærilegir aðilar fara fram á. Sama gildir um upplýsingagjöf til Rannsóknamiðstöðvar Íslands um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána.

- 6.5. Samning þennan, viðurkenningarskjöl háskólans, ársreikning hans, ársskýrslu og úttektarskýrslur skal birta á vef háskólans jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.


7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2016
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Af samningi þessum eru gerð tvö eintök og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Hvanneyri, 4. júlí 2012



Rektor Háskólans á Akureyri
Stefán B. Sigurðsson



Mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir